

1863. frá amtmanni, og senda síðan dómsmálastjórninni skýrteini um
13. júlím. þinglesturinn.

13. júlím. **61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útborgun styrks þess, sem veittur er yfirsetukonum.**

Þaræð það er erviðleikum bundið fyrir yfirsetukonur í Eyjafjarðarsýslu að fá í tækan tíma útborgaðan úr jarðabókarsjóði Íslands styrk þann, sem þeim er veittur í fjárlögum á ári hverju, þá hefir sýslumaðurinn í greindri sýslu farið þess á leit, að hlutast verði til um, að landfógetinn borgi honum styrk þenna og skuli hann kvitta fyrir.

Með því nú ekkert er þessu til fyrirstöðu frá stjórnarráðsins hálfu, skorar það á yður, herra stiptamtmaður, að segja landfógetanum á Íslandi svo fyrir, sem með þarf, í þessu efni.

13. júlím. **62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun lögregluþjóna í Reykjavík m. m.**

Eptir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 21. maím. þ. á. sagt álit yðar um skjal nokkurt, er sent hafði verið beina leið til dómsmálastjórnarinnar; í því skjali hafa þeir Árni Gíslason og Alexius Árnason, lögregluþjónar í Reykjavíkur kaupstað, kvartað yfir því, að Steenberg, fimleikskennari við hinn lærða skóla, hafi enn á hendi störf yfirrættarþjónsins og fangavarðarins þar, og fái laun þau og hlunnindi, er þeim störfum fylgja, þrátt fyrir það þó hann fyrir löngu sé hættur að vera lögregluþjónn, og greind störf eigi að vera sameinuð lögregluþjónsstörfunum; svo hafa þeir og sótt um að fá árlega viðbót við laun sín; einnig hefir Alexius Árnason borið sig upp yfir því, að hann ekki hafi fengið neitt svar upp á bréf, er hann áður hafði ritað stjórnarráðinu, um að fá launaviðbót eptir kornverði.

Um þetta efni skal yður nú kunngjört, að hin síðast nefnda umkvörtunin verður að álitast að vera ástæðulaus, þarsem hlutað-